

Mánudaginn 11. marz 1935.

Nr. 126/1934. **Einar Thorlacius** (Magnús Thorlacius)
gegn

**Hreppsnefnd Strandarhrepps og
gagnsök** (Guðm. Ólafsson).

Aðaláfrýjandi sýknaður af kröfu um greiðslu kostnaðar við endurskoðun hreppsreikninga.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júlí 1934: Aðalstefndur, præp hon. Einar Thorlacius, greiði aðalstefnanda, Guðmundi Ólafssyni, f. h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps kr. 340.18 með 5% ársvöxtum frá 2. júní 1933 til greiðsludags og 40 kr. upp í málskostnað.

Talsmanni hreppsnefndarinnar, hrm. Guðmundi Ólafssyni, greiðast 100 kr. í málskostnað úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Aðalstefnandi hefir gert þær kröfur, aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar, og að gagnáfrýjandi verði þá dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti í aðal- og gagnsök. Til vara hefir aðaláfrýjandi krafizt þess, að hann verði algerlega sýknaður af kærnum og kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök, en að gagnáfrýjandi verði í gagnsök í héraði dæmdur til að greiða honum kr. 218.32 með 6% ársvöxtum frá 13. sept. 1932 til greiðsludags. Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi þess, að krafa gagnáfrýjanda í aðalsök verði lækkuð annaðhvort eftir mati dómsins eða mati óvilhallra manna, og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum þá upphæð með vöxtum í gagnsök, sem áður segir. Ef varakrafa aðaláfrýjanda eða þrautavarakrafa verður tekin til greina, þá

krefst hann þess og, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í aðal- og gagnsök, bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefir gjafsókn og gjafvörn í sökum þessum fyrir hæstarétti, hefir gert þær kröfur, aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 490.00 með 5% ársvöxtum frá 2. júní 1932 til greiðsludags, og að hann verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda í gagnsökinni í héraði. En til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi. Ef aðalkrafan yrði tekin til greina, krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í aðalsök og gagnsök og bæði í héraði og fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknar- eða gjafvarnarmál. Og ef varakrafan yrði tekin til greina, krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti með sama hætti sem áður segir.

Ómerkingarkröfu sína byggir aðaláfrýjandi á því, að héraðsdómarinn hefir í dómi sínum skuldajafnað þeirri kröfu, er hann dæmdi gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda, við kröfu þá, er hann dæmdi aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda, enda þótt flutningur málsins gæfi dómaraðnum enga heimild til þess, enda skipti skuldajöfnun þessi ekki máli vegna mismunandi vaxta, bæði vegna vaxtahæðar og vaxtatímans. Jafnvel þótt þessa aðfinnslu við hinn áfrýjaða dóm verði að telja á rökum byggða, þá verður þetta atriði ekki talið svo stórvægilegt, að það eigi að varða ómerkingu dómsins, enda bæði auðvelt og heimilt að lagfæra það í æðra dómi, ef því yrði að skipta. Verður ómerkingarkrafan því ekki tekin til greina. Og verður því að leggja dóm á aðal- og gagnsök að efni til.

Kemur þá fyrst til álita krafa gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði. Þegar hreppsnefndin fékk grun eða vitneskju um það, að aðaláfrýjandi skuldaði Strandarhreppi frá oddvitatið sinni, enda þótt bæði hreppsnefnd og sýslunefnd, eftir lögskipaða endurskoðun hreppsreikninganna hefði veitt honum kvittun fyrir reikningsskilunum, þá hefði hún að sjálfsögðu átt að fara á fund aðaláfrýjanda og gefa honum kost á að athuga reikningana af nýju eða bjóða honum upp á, að báðir aðiljar létu hæfan mann gera það. Það er ekki sannað gegn mótmælum aðaláfrýjanda, að hreppsnefndin hafi snúið sér til hans áður en hún fól löggiltum endurskoðanda hina nýju endurskoðun reikninganna. Með því að hreppsnefndin hefir þannig efnt til kostnaðar, sem engan veginn er víst, að nokkurn tíma hefði á fallið, ef hún hefði farið svo að sem átt hefði að vera, þá verður aðaláfrýjandi þegar af þessari ástæðu ekki dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda umstefndan kostnað af endurskoðun hreppsreikninganna. Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök í héraði.

Koma þá næst til álita kröfur aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði.

Um 1. lið hennar, kr. 139.23, athugast, að svo verður að líta á eftir flutningi málsins í hæstarétti og skjölum þess, að hinn löggilti endurskoðandi, sem athugaði reikninga hreppsins, hafi í skýrslu sinni talið allar þær upphæðir, sem hann taldi komið hafa í hendur aðaláfrýjanda sem oddvita hreppsins, þar á meðal allt það, er dánarbú Bjarna Bjarnasonar á Geitabergi skuldaði hreppnum. Hins vegar virðist endurskoðandinn ekki hafa talið umræddar kr. 139.23 til frádráttar aðaláfrýjanda í hag. En með því að sannað má telja, að hann hafi gefið búinu

eftir nefnda upphæð og að sú eftirgjöf hafi verið samþykkt síðan af réttum hlutaðeigendum, verður að telja aðaláfrýjanda hafa ofgreitt þessa upphæð, er hann greiddi skuld þá, sem endurskoðandinn taldi hann standa í við hreppinn. Og með því að telja má aðaláfrýjanda enn fremur hafa slegið nægilegan varnagla um hugsanlegar ofgreiðslur af sinni hendi, þá verður að dæma gagnáfrýjanda til að endurgreiða honum þessa upphæð.

Af ástæðum þeim, sem í hinum áfrýjaða dómi segir, verður og að dæma gagnáfrýjanda til að endurgreiða aðaláfrýjanda þar greindar kr. 10.59.

Þar á móti verður að sýkna gagnáfrýjanda af kröfu aðaláfrýjanda um endurgreiðslu á þeim kr. 68.50 er í 3. lið kröfunnar í gagnsök í héraði segir, og af sömu ástæðu, sem þar er talin.

Ber gagnáfrýjanda því að greiða aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði kr. 149.82 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi gagnsakar í héraði, 10. nóv. 1933, til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður, bæði aðalsakar og gagnsakar, í héraði og hæstarétti, falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda, í héraði og fyrir hæstarétti, er ákveðast samtals kr. 200.00, greiðist úr rikissjóði.

Loks hefir þess verið krafizt af hálfu aðaláfrýjanda, að hreppsnefndarmennirnir 4, sem að málshöfðun þessari standa og nú eru lífs, og talsmaður hreppsnefndarinnar, Guðmundur Ólafsson hæstaréttarmálaflutningsmaður, verði sektaðir fyrir óþarfa málsýfingu, og að áðurnefndur talsmaður hreppsnefndarinnar verði einnig sektaður fyrir að hrinda sáttum í aðalsök og gagnsök og fyrir annan vítaverðan flutning gjafsóknarmáls. Engar af þess-

um sektakröfum eru á rökum byggðar, og verða þær því ekki teknar til greina.

Umboðsmaður aðaláfrýjanda, Magnús Thorlacius cand. jur., hefir í málflutningi sínum í héraði endurtekið kallað talsmann hreppsnefndarinnar „lágvirtan“, svarað honum um „rógburð“, sagt, að hann hafi „logið sér út gjafvarnarleyfi“ og viðhaft orðið „bull“ og „vitfiring“ um kröfur hans og málflutning. Fyrir þessi ósæmandi ummæli verður að sekta áðurnefndan málflytjanda ex officio, og þykir sektin hæfilega ákveðin 40 krónur, er renni að hálfu í fátækra sjóð Reykjavíkur og að hálfu í ríkissjóð, og komi 3 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Einar Thorlacius, á að vera sýkn af kröfum hreppsnefndar Strandarhrepps í máli þessu. Gagnáfrýjandi, hreppsnefnd Strandarhrepps f. h. hreppsins, greiði aðaláfrýjanda kr. 149.82 með 5% ársvöxtum frá 10. nóv. 1933 til greiðsludags.

Málskostnaður aðal- og gagnsakar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti, Guðmundar Ólafssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, samtals 200 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Magnús Thorlacius cand. jur. greiði 40 króna sekt, er renni að hálfu til fátækra sjóðs Reykjavíkur og að hálfu í ríkissjóð, og komi 3 daga

einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðfór að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun 6. júní f. á. og að fenginni gjafsókn, Guðmundur Ólafsson, hrm., f. h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps, með stefnu dags. 9. ágúst f. á., gegn þræp. hon. Einari Thorlacius, Ásvallagötu 7, hér í bænum, til greiðslu endurskoðunarkostnaðar, kr. 490.00 ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 2. júní f. á. til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eða eftir reikningi, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál. Þá hefir stefndur að undangenginni árangurslausri sáttatilaun höfðað gagnsök í málinu með stefnu, dags. 15. nóv. f. á., til greiðslu kr. 218.32 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. sept. 1932 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir lágmarksgjaldskrá félags málflutningsmanna. Gagnstefndur hefir krafizt algerðrar sýknu í gagnsökinni og sér tildæmdan málskostnað.

Í aðalsökinni hefir stefndur krafizt frávisunar málsins vegna þess að dómkrafan hafi ekki við þingfestingu málsins verið nægilega rökstudd og sundurliðuð og eigi sýnt hvort hinn umkrafði kostnaður hafi nokkur verið eða nokkrum hafi verið greitt nokkuð. Það verður eftir atvikum að fallast á það, að það hafi verið vangæzla að leggja ekki fram við þingfestinguna reikning endurskoðendanna, sem þeir þá höfðu fengið greiddan fyrir meira en ári áður og lagður var fram síðar í málinu, en greinargerð sú, sem gerð var fyrir kröfunni í sáttakæru og stefnu og með sjálfri endurskoðunarskýrslunni, þykir nægileg til þess að ekki beri að taka frávisunarkröfu aðalstefnds til greina.

Þá hefir aðalstefndur og í upphafi málsins krafizt þess, að umboðsmaður aðalstefnanda, hrm. Guðmundur Ólafsson, verði dæmdur í þingstu refsingu sem lög leyfa, bæði fyrir hið áðurtalda svo og það, að hann sótti eigi sjálfur sáttafund. Um síðarnefnt atriði skal það tekið fram, að í

forföllum málflytningismannsins mætti af hans hendi gamall og reyndur starfsmaður hans, sem langt áraskeið hefir mætt fyrir sáttanefnd samkv. umboði afhentu nefndinni, í málum, sem nefndur málflytningismaður hefir haft til flytninga fyrir utanbæjarmenn, svo sem er um mál það, er hér liggur fyrir. Sektarkrafa aðalstefnanda hefir því við engin rök að styðjast.

Annars hefir aðalstefndur krafizt algerðrar sýknu í aðalsök og sér tildæmdan málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi, en til vara er kröfunni mótmælt sem allt of hárrí, og að því er virðist til þrautavara, hefir aðalstefndur krafizt, að upphæð kröfunnar fari eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna. Loks eru lokakröfur aðalstefnds þær, að allir hreppsnefndarmennirnir, sem að máli þessu standa og sem hann nafngreinir, verði ásamt málflytningismanni þeirra, dæmdir í sekt fyrir óþarfa málsýfingu, en hefir þó síðar fallið frá þessari kröfu gegn oddvitanum af því hann andaðist á meðan á málflytningnum stóð. Og enn hefir aðalstefndur krafizt þess, að málflytningismanni aðalstefnanda verði ekki tildæmd málflytningislaun af almannafé.

Málefni aðalsakar er annars þetta. Um áramótin 1928—1929 andaðist þáverandi oddviti Strandarhrepps, Bjarni Bjarnason, en aðalstefndur var þá varaoddviti og tók við oddvítastörfum og var kosinn oddviti vorið 1929 og gegndi því starfi til vorsins 1931, er hann fluttist alfarinn úr hreppnum til Reykjavíkur. Við burtför skilaði hann þó ekki af sér þá þegar öllum skjölum og eignum hreppsfélagsins og þar á meðal hélt hann í sínum vörzlum sparísjóðsbók Brunabótasjóðs hreppsins. Svo sem vera bar samdi aðalstefndur sveitarreikningana fyrir þau ár, sem hann gegndi oddvítastörfum. Þessir reikningar hver fyrir sig sættu ekki aðfinnslum að svo stöddu hjá hreppsnefndinni, sem þó að líkindum hefir yfirfarið þá og enn voru þeir svo sem lög mæla fyrir rannsakaðir af yfirskoðunarmanni, völdum af sýslunefnd, og síðan samþykktir af sýslunefnd. Í bréfi, sem oddviti hreppsins skrifar til umboðsmannsins hér fyrir réttinum, dags. 30. jan. 1933, segir hann að þeir, þ. e. hreppsnefndarmennirnir, hafi borið gott traust til aðalstefnds um reikningsfærslu þangað til hann veturinn áður sendi skilagrein sína til hreppsins og áður nefnda

sparisjóðsbók. Gerir oddvitinn í bréfi þessu allrækilega grein fyrir bréfaskiptum og viðtökum, sem farið höfðu fram milli sín og annara nefndarmanna á aðra hlið og aðalstefnds á hina út af þessum reikningsskilum aðalstefnds, og afhendingum, svo og viðskiptum við yfirvöld út af þessu. En skýrslu þessa oddvita, sem andaðist nokkru eftir að mál þetta var höfðað, hefir aðalstefndur mótmælt sem rangri, svo hún verður ekki, það sem hún nær, lögð til grundvallar um það, hvað farið hefir á milli aðilja eftir að aðalstefnandi sá annmarka á reikningsskilum aðalstefnds. En það hefir aðalstefndur játað, að tveir hreppsnefndarmanna, fyrrnefndur oddviti og hreppstjóri hreppsins hafi heimsótt hann veturinn 1932 og tjá honum að þeir hefðu afhent endurskoðanda Birni E. Árnasyni hreppsreikningana til endurskoðunar. Kveðst aðalstefndur hafa tekið þessu fálaga en þó með ró, því að reikningarnir hlytu að vera réttir eins og viðurkennt hafði verið og samþykkt af öllum réttum aðiljum. Framkvæmdi síðan endurskoðunina ásamt áðurnefndum löggiltum endurskoðanda, Ari O. Thorlacius, endurskoðandi með þeim árangri 27. apríl 1932 að þeir töldu aðalstefndan skulda hreppnum frá oddvitatið sinni kr. 1724.96. Svo sem ætla má kom aðalstefndum þessi niðurstaða kynlega fyrir og fékk tengdason sinn til að endurskoða reikningana að nýju og komst hann að þeirri niðurstöðu, að hinir fyrri endurskoðendur hefðu oftalið aðalstefnanda til skuldar 100 pósta samtals að upphæð kr. 131.00. Greiddi aðalstefndur síðan fyrrgreinda fjárhæð að frádregnum nefndum kr. 131.00 og greiddi auk vaxta frá 30. apríl 1931 til 15. sept. 1932 af kr. 1028.90 af skuldinni með kr. 60.49, sem síðar verður minnst á. Í bréfi til aðalstefnanda, dags. 13. sept. 1932, sem aðalstefndur lét fylgja með greiðslunni, kemst hann þannig að orði: „Án þess að viðurkenna að skuld þessi sé rétt, hefi ég lofað að greiða þessa fjárupphæð og óskað að fá fullnaðarkvittun oddvita hið fyrsta“. Kvittun fyrir hina sendu fjárhæð, dags. 17. sept. 1932, sendi oddvitinn með bréfi dags. 19. s. m., þar sem hann kveðst eigi geta orðið við ósk aðalstefnds um fullnaðarkvittun fyrir skuldaskiptum hans við hreppinn meðan óútkljáð sé hverjum beri að greiða endurskoðun þá, sem greiðslan byggist á. Er hér komið að merg málsins, því að aðalsökin snýst um það, hvort aðal-

stefndur sé skyldaður að greiða sem stefndur kr. 490.00, sem þeir Björn E. Árnason og Ari O. Thorlacius kröfðust fyrir starf sitt og fengu greiddar 29. apríl og 3. maí 1932. Hefir aðalstefndur uppi margvísleg mótmæli gegn kröfunni.

Í fyrsta lagi heldur aðalstefndur því fram, að ályktun hreppsnefndarinnar um að fela endurskoðendum starfið hafi verið ógild með því að samþykki sýslunefndar hafi ekki verið leitað eða það fengið, og til stuðnings þessu vísar hann til 28. gr. 3. tölul. sveitarstjórnarlaganna. Á þetta verður þó ekki fallizt. Nefnt ákvæði tekur til greiðslu fyrir störf, sem falin eru mönnum völdum samkv. 2. mgr. 9. gr. sömu laga, en tekur ekki til nauðsynjamála, sem reka þarf utansveitar og verja fé til. Málflutningurinn gefur ekki tilefni til að fara fleiri orðum um þessa varnarástæðu aðalstefnds.

Þá telur aðalstefndur fram til sýknu sér aðildarskort aðalstefnanda. Virðist þessi varnarástæða vera byggð á því, að umstefnd upphæð er ekki talin meðal gjalda í hreppsreikningnum það ár, sem greiðslan var innt af hendi. Um þessa sýknuástæðu skal þetta tekið fram. Endurskoðunin var framkvæmd eftir beiðni aðalstefnanda. Hann veitti móttöku fyrir hreppsins hönd því fé, sem innvanst vegna endurskoðunarinnar. Aðalstefnandi hefir lagt fram í málinu kvittaðan reikning endurskoðendanna til hreppsins fyrir störf þeirra og upplýst er í málinu að greiðsluna annaðist hinn látni oddviti, sem stóð fyrir því að endurskoðunarstarfið var framkvæmt. Réttinum þykir þetta allt nægilegt til þess að sanna heimild aðalstefnanda til þessarar málsóknar.

Þá er sú ein ástæða aðalstefnds fyrir sýknu, að aðalstefnandi hafi brostið heimild til að láta endurskoða reikninginn og að þarf laust hafi verið að leita löggilts endurskoðanda, þar sem auðvelt mundi hafa verið að fá lagfæringu reikningsskilanna með ódýrara móti og jafnvel kostnaðarlaust.

Það skal ekki synjað fyrir það, að aðalstefnandi kynni að hafa getað fengið réttning mála sinna gagnvart aðalstefndum eftir öðrum leiðum en farið var og ef til vill kostnaðarminni. En aðalstefnandi verður ekki áfelldur fyrir það, að hann leitaði hæfustu manna til að rannsaka reikninga,

sem aðalstefndur, hinn þaulvani reikningshaldari, hafði samið og virtist hafa haft óbilandi trú á, að réttir væru í alla staði, ekki sist eftir það að endurskoðunarmenn heima í héraði höfðu samþykkt þá. En eftir að aðalstefnandi varð áskynja um einhverjar misfellur á reikningsskilunum, var honum skylt að sannprófa málið og það á þann hátt, sem var öruggastur og nú orðið hinn venjulegi þegar um mikilvæg reikningsskil er að ræða. Og verður ekki á það fallið að þurft hafi að bera það undir samþykki aðalstefnda að láta endurskoðun fara fram með þeim hætti, sem gert var. En árangur endurskoðunarinnar sýndi að hennar var brýn þörf og misfellurnar reyndust stórvægilegar, svo það sýnist ekki geta leikið á tveim tungum að aðalstefndur eigi að bera kostnað þann, er endurskoðunin hafði í för með sér, enda getur ekki orðið fallið á þá skoðun aðalstefnds, að hann sé ekki skyldur að bera slíkan kostnað, vegna þess að hann hafi ekki verið dæmdur sekur um refsivert athæfi í sambandi við reikningsskilin.

Samkvæmt framansögðu og þar sem gjaldið fyrir endurskoðunina er við hóf, ber að taka dómkröfu aðalstefnanda til greina eins og hún er.

Gagnsökin. Eftir að aðalsökin var þingfest lét gagnstefnandi enn að nýju tvo reikningsglögga menn, og er annar þeirra löggiltur endurskoðandi, rannsaka, endurskoða og gagnendurskoða áður nefnda hreppsreikninga. Þessir menn komust að þeirri niðurstöðu, að gagnstefnanda hefðu verið oftaldir til skuldar tveir póstar, sem hann hefir greitt, sem sé kr. 139.23 og kr. 10.59. Er nú gagnstefnt til endurgreiðslu þessara liða, auk kr. 68.50, sem gagnstefnandi greiddi í vexti 13. sept. 1932 og minnst er á hér á undan. Gagnstefndur hefir mótmælt öllum liðum gagnsakarinnar, sem röngum og verður þá að athuga þá.

Um 1. lið. Þeirri staðhæfingu gagnstefnanda, sem studd er við framkominn vitnisburð, hefir ekki verið hnekk, að komið hafi í ljós við lokauppgerð milli sveitarsjóðsins og dánarbúsins á Geitabergi, að búið skuldaði kr. 164.33 umfram það fé, sem sýslumaður hafði greitt áður búsins vegna, en af nefndri fjárhæð hafi gagnstefnandi ekki veitt viðtöku nema kr. 25.10, en hinn hlutinn kr. 139.23, skyldi teljast sem eftirgjöf til búsins á vöxtum enda þótt þeir væru áður greiddir í þeirri fjárhæð, sem sýslumaður innti

af hendi. Eftir þessu virðist svo sem gagnstefnandi hafi ekki veitt viðtöku frá búinu kr. 139.23 er honum hafa verið taldar til skuldar og hann hefir greitt. Þenna lið gagnkröfunnar þykir því eiga að taka til greina.

Um 2. lið. Gagnstefnandi hefir staðhæft, að þessi fjárhæð hafi verið innstæða í sparisjóðsbók sem hann hafi afhentt gagnstefndum. Þar sem gagnstefndur hefir ekki algerlega mótmælt þessu verður að lita svo á, að upphæðin hafi verið tvígreidd og ber því einnig að taka þennan lið gagnkröfunnar til greina.

Um 3. lið. Fjárhæðin var réttilega greidd og alls ekki í rangri imyndun um skuld, endurgreiðsla hennar þykir ekki geta stuðst við nein rök og verður þessi liður gagnkröfunnar ekki tekinn til greina.

Gagnstefndur á þannig að greiða kr. 149.82, sem dragast frá kr. 490.00 í aðalsökinni. Niðurstaða máls þessa verður þá sú, að aðalstefndur á að greiða kr. 340.18 með vöxtum eins og krafizt hefir verið.

Sektarkrafa aðalstefnds á hendur hreppsnefndarmönnum hefir við engin rök að styðjast og verður því ekki tekin til greina og hið sama gildir um sektarkröfu hans á hendur talsmanni hreppsnefndarinnar, enda hefir málsfærsla hans verið lögmæt og bera honum 100 kr. í málflutningslaun, sem greiðast úr rikissjóði.

Í aðalsök þykir aðalstefndur eiga að greiða aðalstefnanda 40 krónur upp í málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en að öðru leyti fellur málskostnaður í aðalsök og gagnsök niður.

Átelja verður ex officio talsmann aðalstefnds, Magnús mflm. Thorlacius, fyrir ósæmilegan rithátt hér fyrir réttinum í máli þessu, svo sem er hann margítrekað kallar umboðsmann aðalstefnanda „lágvirtur“, segir að hann hafi „logið út“ gjafsóknarleyfið og nefnir kröfur hans „vitfyrri-ingu“ og eiga hin tilvitnuðu orð að vera ómerk, en eftir atvikum látið hjá liða að sekta fyrir þau.